

Skýrsla Tölvunefndar 2008

Starfssemi Tölvunefndar var með svipuðu móti og undanfarin ár. Í byrjun október 2007 voru dregnar saman þær athugasemdir við Mótafeng og Kappa sem komið höfðu fram á síðastliðnu keppnisári. Athugasemdirnar voru settar saman í skýrslu, flokkaðar í villur og breytingar ásamt því að flokka þær eftir mikilvægi. Síðan var kallaður saman fundur með tölvudeild Bændasamtaka Íslands og sett upp verkáætlun fyrir vinnu nýrrar útgáfu ársins 2008.

Á sama tíma vann Tölvunefnd að stefnumótun Mótafengs og Kappa þar sem farið var yfir framþróun kerfisins, hvernig helst væri hægt að sjá kerfin um næstu framtíð og byggðist sú umræða á því hversu fá mótssvæði hestamanna eru með internetteningar til þess að gera það veflægt. Ekki er eins og staðan er í dag hægt að gera kerfin þannig úr garði. Mikil áhætta er við sambandsrof, hraða internettenginga og fleira sem getur haft áhrif á framgang mótahalds að ákveðið var að halda áfram að laga, breyta og bæta Kappa ásamt því að stefna að koma með nýja útgáfu af Mótafeng sem fljótlega mun líta dagsins ljós, en þessi útgáfa hefur verið afhend af Tölvudeild BÍ og er í prófun hjá Tölvunefnd. Í þessari útgáfu verður hægt að nálgast úrslit eftir flokkum, mótum, knöpum og hestum. Yfirlit yfir dómara og fleira.

Unnið er að því að gera kerfin eins rafræn og hægt er, þingtillaga liggur fyrir þinginu þar sem óskað er eftir leyfi til þess að gera mótaskýrslur rafrænar, í dag er einungis leyfilegt að skila inn undirrituðum skýrslum til LH. Mun þetta einfalda vinnu aðildarfélaga gríðarlega mikið og auka skýrsluskil mikið.

Tenging Mótafengs og Kappa við önnur kerfi okkar hestamanna rennir styrkari stoðum undir heildarupplýsingasöfnun okkar hestamanna. Tenging við félagakerfi ÍSí Felix og Worldfeng eru mikilvægar til þess að einfalda umsjúslu gagna þ.e. að fá knapa úr einu kerfi og hesta úr öðru, eins og má sjá á einni þingtillögunni frá Tölvunefnd að þá leggjum við til að Felix verði eina löglega félagakerfið Landssambands hestamanna, en öll félög í dag skila inn skýrslum um félagatal frá þessu kerfi.

Stefnt var að því að ný útgáfa kæmi út áður en keppnistímabilið 2008 hæfist svo hægt væri að fara á helstu landshluta og vera með kennslu á Mótafeng og Kappa. Voru haldin 7 námskeið, Reykjavík, Borgarnesi, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Selfoss, nokkur félög voru mjög fyrirhyggjusöm og sendu fleiri en einn á námskeiðin, var það gert til þess að dreifa mætti vinnu á fleiri aðila við mótahald félaganna, á námskeiðunum var afhent ítarleg handbók og ný útgáfa af kerfinu, en einnig var búið að gera útgáfur aðgengilegar á netinu.

Tölvunefnd var með bakvaktir fyrir aðildarfélög á meðan mótahaldi stóð, töluvert mörg félög nýttu sér bakvaktirnar. Hefði mátt koma í veg fyrir mikið af símtölum þessum ef félög hefðu verið skipulagðari vinnu undirbúning og farið fyrir af stað með skráningu og uppsetningu móta. En einnig var mikið um vandamál sem voru tengd þekkingarleysi og vandamálum tengd netþjónum Bændasamtakanna.

Mótafengur og Kappi voru notuð á Landsmóti hestamanna og gekk það mjög vel.

Tölvunefnd vill þakka öllum þeim aðilum sem hafa hjálpað okkur með því að vera duglegir að láta okkur vita af villum og óskir um breytingar.

Í tölvunefnd eru

Oddur Hafsteinsson Formaður

Ágúst Sigurðsson Sleipni

Þórður Ingólfsson Dreyra

Þorvaldur Sigurðsson Andvara

Valdimar Snorrason Fáki